



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

febrúar 2021

Kæru viðtakendur!

Hér kemur fyrsta Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar á þessu ári. Tilgangur Fréttabréfsins er að miðla upplýsingum til fulltrúa og samstarfsaðila um það helsta sem er efst á baugi í starfinu hverju sinni á vettvangi AkAk og að styrkja gagnkvæm tengsl og samskipti.

Góðar stundir!

Starfið

Undanfarin ár hafa AkAk og öldrunarheimili Akureyrarbæjar haft með sér samstarf um að fulltrúar haldi fyrirlestra um fræðandi og áhugaverð efni fyrir íbúa heimilanna sem eru jafnframt opnir fyrir aðra borgara í bæjarfélaginu en öldrunarheimilin leggja til aðstöðuna. AkAk hefur notið stuðnings við fyrirlestrahaldið hjá Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA og Samfélagssjóði Norðurorku. Núverandi fyrirlestraröð hófst í nóvember sl. og vegna kóvítt- 19 hefur öllum fyrirlestrum verið streymt úr húsnæði AkAk til íbúa heimilanna en ekki hefur verið hægt vegna aðstæðna að bjóða borgurum utan heimilanna að vera með.

- Í nóvember var Arndís Bergsdóttir nýdoktor við HÍ með fyrirlestur um byggðasafnið að Snartastöðum í Norður-Þingeyjarsýslu sem hét: *Það sem konur gerðu. Rýnt í sýningu safnsins að Snartastöðum* og byggði hann á rannsókn Arndísar á safninu. Rannveig Gunnarsdóttir kom safninu á fót á sínum tíma og er það um margt ólíkt öðrum byggðasöfnum í landinu en þar skipar handverk kvenna og heimilishald veglegan sess.
- Í desember var Jón Hjaltason sagnfræðingur með fyrirlestur með heitinu: *Markús Ívarsson; saga Eyfirðings sem var á flótta undan réttvísinni í tæp fjörutíu ár*. Þar var sagt frá óvenjulegu lífshlaupi þessa manns sem var ungur dæmdur fyrir ærstuld og sat í tukhúsi í Kaupmannahöfn. Eftir það kom Markús heim og gerðist nýtur samfélagsþegn uns hann féll aftur í freistni í neyð árána efir 1880 og var þá hnepptur í gæsluvarðhald sem hann strauk úr. Var hann síðan á flótta undan réttvísinni frá árinu 1881 uns hann andaðist árið 1923.
- Í janúar voru sagnfræðingahjónin Margrét Guðmundsdóttir og Þórarinn Hjartarson með fyrirlestur sem hét: *Sigríður á Tjörn. Lífsganga sveitakonu. Myndbrot og minningar* og byggði hann á textum sem Sigríður hefur skrifað og viðtölum sem hafa verið tekin við hana sem börn Sigríðar hafa safnað og gefið út í bók. Fjallað var um minningar Sigríðar um æsku og uppvöxt í Skagafirði, lesnar stuttar glefsur úr sendibréfum sem hún ritaði og sýndar myndir úr lífi hennar.

Stjórn AkAk hefur ráðið Margréti Guðmundsdóttur sagnfræðing til að taka saman yfirlit yfir lokaritgerðir, ritverk, rannsóknarskýrslur, tímaritsgreinar, útgefið kennsluefni, fyrirlestra, námskeið o.þ.h. sem háskóla fólk og aðrir fræðimenn hafa unnið að á vettvangi AkAk frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2006 og til þessa. Margrét hóf störf um miðjan janúar sl. og er stefnt að því að yfirlitið liggi fyrir í vor og verður það gert aðgengilegt á miðlum AkAk og notað til að vekja athygli á og kynna starfið á vettvangi stofnunarinnar.

Stjórn AkAk hefur gengið frá [starfsáætlun](#) stofnunarinnar fyrir yfirstandandi ár og er verkefnum skipt í nokkra flokka: a) Fjármál og rekstur, b) Húsnæði, aðstaða, þjónusta og faglegt starf, c) Miðlun upplýsinga um starfsemi AkAk og d) Fjölfaglegt samstarf. Á starfsárinu mun AkAk kappkosta að styrkja enn frekar stöðu sína sem rannsókn- og fræðasetur á Norðurlandi eins og undanfarin ár.

Á dögnum réðst innanhúsfólk í að endurskipuleggja vinnuaðstöðuna í húsnæði AkAk í þeim tilgangi að uppfæra hana og fjölga vinnurýmum til útleigu. Nú eru 10 fræðimenn með vinnuaðstöðu hjá AkAk og er þá aðstaða framkvæmdastjóra meðtalin og að auki hafa þrjú ný vinnupláss bæst við sem verða eflaust komin í notkun innan tíðar.

Innanhúsfólk

Frá því að síðasta Fréttabréf AkAk kom út í nóvember sl. hefur innanhúsfólk unnið að fjölbreyttum verkefnum, birt greinar, haldið erindi á ráðstefnum og verið ráðið til rannsóknarstarfa.

Arndís Bergsdóttir nýdoktor við HÍ er meðal sex nýdókora sem nýlega voru ráðnir til rannsóknarstarfa við nýstofnað Rannsóknarsetur Margrétar Þórhildar Danadrottningar og Vigdísar Finnbogadóttur fyrrum forseta Íslands um haf, loftslag og samfélag (ROCS) en setrið starfar við HÍ og Kaupmannahafnarháskóla. Arndís Bergsdóttir er jafnframt verkefnastýra á Íslandi. Í [frétt HÍ](#) er fjallað um rannsóknarsetrið og rætt við Arndísi um það.

Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðingur birti grein í [Vefni](#), Vefriti Félags um átjándu aldar fræði, sem heitir: [Jón Hjaltalín landlæknir og vandi geðveiks fólks á Íslandi.](#)

Steinunn A. Ólafsdóttir sjúkráþjálfari og doktorsnemi við Heilbrigðisvísindasvið HÍ er að leggja lokahönd á doktorsverkefni sitt sem fjallar um einstaklinga sem hafa fengið heilaslag og þróun á tæknilausn til að auka líkamlega virkni þeirra. Steinunn kynnti hluta verkefnisins á UTmessunni 2021 sem haldin var með rafrænum hætti 5.-6. febrúar sl. Kynning Steinunnar byrjar á 1:45:08 í [upptökunni á UTmessunni.](#)

Valgerður S. Bjarnadóttir nýdoktor við Menntavísindasvið HÍ birti grein með Andreu Hjálmsdóttur lektor við hug- og félagsvísindasvið HA í tímaritinu *Cambio*, sem er hluti af sérstöku greinasafni á vegum kynjafræðinets evrópsku félagsfræðisamtakanna (ESA). Titill greinarinnar er: *Working Mothers during Covid-19: A peak into the Icelandic reality*. Valgerður birti einnig grein í *Skólaþráðum* sem heitir: [Sambættar námsgreinar í Menntaskólanum á Akureyri: Menningar- og náttúrulæsi í tíu ár](#). Greinin er hluti af greinasafni til heiðurs Ingvari Sigurgeirssyni sjötugum. Valgerður og Andrea voru jafnframt með fyrirlestur á *Jafnréttisdögum háskólanna 2021* sem fóru fram í byrjun febrúar og hét fyrirlestur þeirra: *Heimilislíf í fyrstu bylgju COVID-19: Mæður á þriðju vaktinni*.

Kastljósið

Hér er ætlunin að beina kastljósinu að einum einstaklingi í fræðimannahópnum sem hefur aðsetur í húsnæði AkAk og núna er það Þórhallur S. Bjarnason.

Þórhallur S. Bjarnason er menntaður í véla- og orkutæknifræði með áherslu á orkuvinnslu og fjölnýtingu varma. Þórhallur hefur tekið þátt í fjölmörgum nýsköpunar- og þróunarverkefnum, bæði innanlands og erlendis. Hér má m.a. nefna verkefni sem felur í sér að virkja og nýta jarðvarma með fjölbreyttum hætti að Grásteini í Ölfusi en þar er þéttbýli að byggjast upp og leggja landeigendur áherslu á sjálfbæra og vistvæna auðlindanýtingu á svæðinu. Samhliða vistvænni og náttúrutengdri ferðaþjónustu er hafin fjölnýting á jarðvarma í landi Grásteins til raforkuvinnslu, upphitunar húsa, heitra potta og útibaða í tengslum við uppbyggingu á ferðaþjónustu á svæðinu og einnig verður kælivatn frá varmarafala, kalt ferskvatn og affallsvatn frá hitaveitu nýtt til fiskeldis.

Fjölnýting auðlindastrauma, jarðvarma og ferskvatns að Grásteini skapar einstakt tækifæri fyrir sjálfbæra og umhverfisvæna orkuvinnslu, samhliða áherslu á vistvæna uppbyggingu þéttbýlis á svæðinu. Jarðvarma- og ferskvatnsnýting fellur einnig vel að opinberum áherslum um sjálfbæra og umhverfisvæna uppbyggingu og vistvæna atvinnusköpun í dreifbýli, áherslum stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu á vistvænum náttúruauðlindum og áherslum í umhverfis- og loftlagsmálum og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Fólk færir störf

Fyrir skömmu stóðu Akureyrarstofa og SSNE, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, fyrir áhugaverðu [rafrænu málþingi](#) um möguleika sem felast í störfum óháð staðsetningu. Ráðherra sveitarstjórnamála og fólk frá fyrirtækjum og stofnunum héldu erindi og miðluðu af reynslu sinni af flutningi starfa og fjarvinnu sem umhverfi kóvítt-19 hefur mikið ýtt undir. Í máli ráðherra kom fram að markmið stjórnvalda væri að 10 prósent allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum verði án staðsetningar árið 2024, og að störf án staðsetningar snerist ekki aðeins um byggðamál eða að ráða þann hæfasta óháð búsetu heldur ekki síst það að fólk geti valið sér búsetu óháð starfi á þeim stað þar sem það vill búa.

AkureyrarAkademían er fyrirtaksdæmi um rannsóknar- og fræðasetur sem hefur langa reynslu af því að starfa út frá áherslum á störf án staðsetningar. Fræðimennirnir á vettvangi AkAk hafa valið Akureyri til búsetu og tekið störf sín með sér. Í húsnæði AkAk stunda þeir kennslu við erlenda og innlenda háskóla, taka þátt í innlendu og erlendu rannsóknarsamstarfi og vinna að rannsóknum á fjölbreyttum fagsviðum - í umhverfi stafrænnar tækni. AkureyrarAkademían er því mjög mikilvægur hluti af þeim innviðum sem eru og þurfa að vera fyrir hendi hér á svæðinu til að auka möguleika sem felast í störfum óháð staðsetningu.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861.

Veffang www.akak.is

Ábyrgðarmaður Fréttabréfs AkAk Aðalheiður Steingrímsdóttir

adalheidur.steingrimsdottir@akak.is